

Sp.

31. Tillaga til þingsályktunar

[31. mál]

um vetrarorlof.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Eðvarð Sigurðsson, Eysteinn Jónsson,
Pétur Sigurðsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hafa um það forgöngu við ASÍ og önnur stéttarsambönd í landinu, að kannað verði, hvernig auðvelda megi almenn-
ingi að njóta orlofs á vetrum sér til hressingar og hvíldar, bæði innanlands við
útilíf og í hóporlofsferðum til Suðurlanda. Verði m. a. leitað samvinnu við Flug-
félag Íslands og Loftleiðir um mál þetta, svo og innlendir ferðaskrifstofur.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt seint á síðasta þingi, en hlaut þá ekki
afgreiðslu sökum tímaskorts. Tillöggunni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Nú er litið svo á, að í raun réttir eigi hver vinnandi þegn rétt á tilteknu leyfi
árlega frá störfum sér til hressingar og hvíldar, svonefndu orlofi. Sívaxandi vél-
væðing í atvinnulífi, siaukið þéttbýli, hraði og hávaði eykur á þörf manna til að
njóta orlofs síns sem bezt, komast úr sínum venjuhring sér til andlegrar og líkam-
legrar endurnæringar. En svo að orlofin verði raunveruleg almenningsseign, þurfa
menn að geta notið þeirra á ódýran og hagkvæman hátt, og þau þurfa að falla á þann
tíma, sem almennigur getur leyft sér að taka þau vegna atvinnuafkomu sinnar.
Sökum legu Íslands eru sumur hér stutt, en vetur langir. Þjóðinni veitir þess vegna
ekki af að nota sumartímann sem bezt til vinnu, en þá verða orlofin afskipt hjá
mörgum, nema annar háttur komi til, það er að nota vetrartímann, þegar minna er
um atvinnu og erfiðara um ýmsar vinnuframkvæmdir.

Nú verður það aldrei svo, að stórir hópar manna taki sér ekki a. m. k. við og
við orlof á sumrin, enda æskilegt, svo að almennigur kynnist landi sínu í sumar-
búningi. En þegar haft er í huga, hve stór hluti þjóðarinnar er á orlofsaldri, ef svo
má segja, og margir af þeim stóra hluta komast ekki í orlof á sumrin vegna að-
stæðna, gefur auga leið, að hér er þörf úrbóta. Verður þá fyrst fyrir að hugsa til
bættrar aðstöðu til að njóta útilífs innanlands á veturna, svo sem skiða- og sleða-
ferða og skautaiðkana, en hins vegar að auðvelda mönnum að sækja sér sumar-
auka á vetrum til Suðurlanda. Eitt á við þennan, annað við hinn.

Undanfarin ár hafa stéttarfélag og ýmsir aðrir aðilar unnið giftudrjúgt starf
að orlofsmálum, og kvenfélög hafa barizt ötullega fyrir orlofi húsmæðra. Samt sem
áður er staðreynd, að fjölmargir, sem rétt eiga á orlofi og þurfa þess ekki sízt við,
geta ekki tekið það nema endrum og eins, sumir aldrei, ýmist vegna fjárskorts eða
tímaskorts á venjulegum orlofstíma. Hér þarf að verða gerbreyting á. Hún verður
ekki, nema orlofin færast í verulegum mæli á vetrartímann líka, en það gerist ekki,
nema það takist að gera vetrarorlof eftirsótt sem slík. Hér er það, sem forusta ríkis-
valdsins í samvinnu við stéttarfélag, ferðaskrifstofur og flugfélögin gæti valdið
straumhvörfum. Sé þetta skipulagt í stórum stíl og af myndarskap jafnframt ýrtruðu
hagsýni, er ekki fjarri sanni að álykta, að sá beini kostnaður, sem af slíkri fram-
kvæmd yrði, skilaði sér aftur og vel það í þjóðarbúið um auknar sumarvinnustundir.

Varðandi hóporlofsferðir á vetrum til Suðurlanda skal svo loks bent á það,
hvort þar sé ekki athyglisvert verkefni fyrir þotu F.Í., eða auðgert fyrir Loftleiðir
að gripa hópa og hópa í sínar vélar, þegar fátt er um farþega á auglýstum leiðum.
Hitt má engum dyljast, að þessar ferðir verða að vera mun ódýrari en þær gerast
nú, eigi þær að verða á almennings færi. Slíku á fjöldabátttaka að koma til leiðar,
og þær mega ekki vera skipulagðar sem eyðsluferðir, heldur hressingarferðir.